



Dagskrá 18. fundar stjórnar SSA 22. mars 2022

Fundargerð

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Hildur Þórisdóttir og Gauti Jóhannesson á staðinn og Sigríður Bragadóttir á teams. Jóhann F. Þórhallsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi á teams. Pálína Margeirsdóttir boðaði forföll.

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri

Fundurinn var haldinn í fundarsal Múlaþings og hófst hann kl 13:30.

1. Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Framkvæmdastjóri fór yfir kynningartillögu fyrir svæðisskipulag Austurlands 2022-2044. *Tillagan er komin í kynningar- og samráðsferli og hefur verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Sendar hafa verið umsagnarbeiðnir á fjölda aðila og þegar eru hafnar auglýsingar á ýmsum miðlum til að vekja athygli á tillögunni og með hvaða hætti er hægt að koma ábendingum á framfæri en umsagnarferli lýkur þann 21. apríl nk. Stjórn þakkar þá miklu vinnu sem liggur að baki þessari tillögu og fagnar því að hún skuli vera komin í kynningarferli. Tillagan er sett fram á aðgengilegan hátt með mikið af skýringarmyndum sem styður við þann sem vill kynna sér innihaldið.*

2. Aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga

Gestir fundarins undir þessum lið voru fulltrúar frá innviðaráðuneytinu Anna Gunnhildur Ólafsdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir. *Gestir kynntu stefnu og aðgerðaráætlun í málefnum sveitarfélaga. Rædd voru ýmis málefni sem tengjast starfsemi sveitarfélaga og þróun Austurlands.*

Stjórn SSA þakkaði Önnu Gunnhildi og Hólmfríði fyrir komuna austur og góðan upplýsandi fund.

3. Önnur mál

Engin önnur mál

Ekki fleiri mál fundi slitið kl 15:30.